

mynd og uppeldi barnanna, enda voru þau öll hvers manns hugljúfar á heimilinu.

Þau hjón tóku að sjer eigi allfá börn sér óskyld, er þau föstruðu upp og voru þeim eins og beztu foreldrar.

Öll börn þeirra hjóna voru jafnan látin tala íslenzku á heimilinu við foreldra sína, sem aðra, enda skoðaði Tulinius sig ávalt sem Íslending.

Tulinius var tilkomumikill maður að sjá og góðlegur jafnt sem gátulegur. Á yngri árum var hann grannur og holdskarpur, en fitnaði með aldri og fór það honum vel.

Hann var glaðlyndur og skemtinn. Orðheldni hans var viðbrugðið, og trygð og vinfesta voru honum eðlisdygdir.

Þetta veit eg sannast og réttast um þau hjón að segja, ýkjulaust í alla staði.

Jón Ólafsson.

Frú Guðrún Tulinius var einhver hin allra-bezta styrktarkona Kvbl. frá byrjun þess. Það sýndi drengskap hennar og framfarahug, því ekkert pekti hún mig persónulega. Hún hafði iengst um ut-sölu á 30 eintökum og sagði hún mér sjálf, er eg kom til hennar 1898, að hún gæfi 6 eintökin, því sjer þætti meira gagn að gefa viðtakendum það en andvirðið. Og víst er, að hún mun hafa tekið meira en það úr sínum vasa,

eða maður hennar af andvirði blaðanna. —

Sem litid dæmi um hugsunarsemi hennar og hjálpfýsi við snauða, skal þess getið, að kunningjakona hennar sagði mjer, að oftsinnis, þegar veður hefðu verið hörð með snjóhríðum og frosti, og hún hefði setið inni í sínum hlýju og þægilegu herbergjum, þá hefði hún alt í einu farið að tala um, hvort hinn eða þessi af fátæklingunum í kring mundi nú eiga nokkuð í eldinn hjá sjer, og skömmu síðar hefði hún svo sent þeim kolapoka ásamt ýmsu fleira.

Útg.

Drengskaparheits hjónaband.

Eftir *Elsu Ek.*

»Nú, nú, hvenær á þá brúðkaupið, eða sambandið ellegar félagið, eða hvað þið nú kallið það, að sbyrja?« spurði majór Bratt Ögdu bróðurdóttur sína gremjulega, sem var skjólstæðingur hans.

»Við Pétur ætlum að flytja okkur inn á nýja heimilið okkar að átta dögum liðnum«, svaraði Agda, »og mamma ætlar þá að halda okkur ofurlitla morgunverð-

arveizlu, ef föðurbróðir minn álitur þetta verðskulda giftingarnafn.

»Nei, það geri eg sannarlega ekki«, svaraði hann byrstur. »Við giftingu er hjónavígslan aðalatriðið, eftir minni álitni, en ekki veizlan.

»Við hefðum fegin viljað biðja hann föðurbróðir að koma þá«, svaraði Agda.

Föðurbróðir hennar svaraði ekki, heldur hélt áfram að tala við sjálfan sig: »Eitt ráð til þess að gefa þessum félagsskap nokkurs konar giftingargildi, væri að lýsa honum frá stólnum. Prestvígslan geti svo komið seinna.

»En fyrst okkur dettur ekki í hug að giftast neinu venjulegu kristilegu hjóna-

bandi, þá kemur okkur auðvitað ekki til hugar að láta lýsa neinu þess háttar«, sagði Agda.

Í Kaupmannahöfn getið þið sjálfsagt fengið borgaralegt hjónaband«, sagði majórinn þrályndislega.

»En við viljum als ekki neitt hjónaband«, sagði Agda, sem nú var orðin áköf og ákveðin í rómnum, eins og vant var þegar hún deildi um þetta efni, þótt hún væri áður hæg og afsakandi í rómnum. »Annad hvort okkar þyrfti heldur ekki annad en t. d. taka Múhammedstrú, þá gætum við fengið að njóta þeirrar ánægju, að verða spyrðud saman eftir sænskum lögum.

»Já, það er líka alveg satt; það væri líka



Frú Guðrún Tulinius.

